

- Skýringar**
- SL SIðkkvítæki
  - R Reykskynjari
  - HS Hitaskynjari
  - LR Loftræsing
  - BO Björgunarop (B min=0,6 m og B+H=1,5 m)
  - NF Gólfniðurföll
  - RP Rotþró
  - ST Stjórnstöð eldvarnarkerfis
  - BS Brunaslanga
- Útgangur

Í vinnslu  
27.12.2021

Dags:	Nr.	Breytingar:	Samþ.

**Byggingarlýsing:**

**Almennt:**  
Sótt er um leyfi til að byggja 17,0 m<sup>2</sup> viðbyggingu við núverandi einnar hæðar 161,7 m<sup>2</sup> einbýlishús með sambygðum bílskúr á lóð nr. 15 við Sandbakka á Höfn í Hornafirði. Eftir stækkun verður húsið samtals 178,7 m<sup>2</sup>. Viðbyggingin er byggð á þegar steyptan sökkul og botnplötu sem steypt var með sökkli hússins á sínum tíma. Opnað verður frá núverandi stofu út í viðbyggingu.

**Stærðir:** Mhl:01  
**Fasteignanúmer:** F2181197  
**Landeignanúmer:** L159926  
**Staðgreinir:** 8401-6-71430150  
**Brúttó flatarmál:** 178,7 m<sup>2</sup>  
**Brúttó rúmmál:** xxx.x m<sup>3</sup>  
**Lóðarstærð:** 480,0 m<sup>2</sup>  
**Nýtingarhlutfall:** 0,372

**Útveggir:**  
Útveggir viðbyggingar verða úr 45x120 mm timbri og einangrað með 120 mm steinull milli stoða líkt og á núverandi húsi. Utan á timburstoðir kemur 9 mm krossviður. Utan á hann kemur lárétt 20 mm loftunargrind og þar utan á lóðrétt nótuð timburklæðning að svipaðri gerð og er á húsinu í dag. Að innan verða útveggir klæddir með rakavarnarlagi, 35x45 mm rafmagnsgrind, 13 mm rakaheldum spónaplötum og 13 mm gipsplötur verða innst.

**Gluggar og hurðir:**  
Gluggar og hurðir verða úr timbri. Gler verður tvöfalt K-gler.

**Þak:**  
Í þaki viðbyggingar verður 45x220 mm sperrur með 195 mm einangrun með vindpappa (vindvörn) á milli sperra líkt og á núverandi húsi. 25 mm loftun verður því yfir einangrun í þaki. Þakið verður síðan klætt með 25x150 mm borðaklæðningu, þakpappa og síðan lítuðu bárujárnri í sama lit og núverandi þak. Að innan verður loft klætt með rakavarnarlagi, 35x45 mm rafmagnsgrind og síðan 13 mm gipsi (klæðning í flokki 1).

**Gólf:**  
Viðbyggingin er byggð á þegar steyptan sökkul og botnplötu sem steypt var með sökkli hússins á sínum tíma. Núverandi botnplata er lægri en platan inni í húsinu og því verður botnplata viðbyggingar hækkun þannig að hún verði í sömu hæð og platan inni. Steypt verður gólfhiti í upphækkunina. Ekki er vítað um hvort og þá hvernig einangrun er undir botnplötunni..

**Grundun:**  
Húsið verður byggt á þegar byggðan sökkul og botnplötu sem steypt var með sökkli hússins á sínum tíma.

**Innveggir:**  
Engir innveggir verða í viðbyggingunni.

**Lagnir:**  
Neysluvatnslagnir verða úr álþexi. Gólfhiti verður ísteyptur í botnplötu í húsinu. Rafllagnir verða lagðar í milliveggjum og í rafmagnsgrind. Fráveita verður lögð að heimæðum í lóð sem eru tengar frárennsliskerfi bæjarins.


**Loftræsing:**  
Húsið verður loftræst með opnanlegum fögum á gluggum.

**Brunavarnir:**  
Húsið er í notkunarflokki 3. Tvö handsíðkvítæki verða í húsinu, annars vegar í anddyri og hins vegar við inngönguhurð inn í bílskúr. Reykskynjarar skulu vera í hverju herbergi auk eldhúss, stofu, borðstofu og ílskúrs. Björgunarop eru úr hverju herbergi.


**Kólnunartölur:**  
 U-gildi útveggja < 0,3 W/m<sup>2</sup> K  
 U-gildi þaks < 0,2 W/m<sup>2</sup> K  
 U-gildi gólfs < 0,3 W/m<sup>2</sup> K  
 U-gildi hurða < 3,0 W/m<sup>2</sup> K  
 U-gildi glugga < 2,00 W/m<sup>2</sup> K

Að öðru leyti er vísað í teikningar Ragnars Ólafssonar dagsettum 20.03.1992.

**Grunnmynd 1. hæðar, 1:100**



Afstöðumynd, 1:500



P:\Verk 2021\21-112 Sandbakki 15\03 Teikningar\A-teikn\101 Sandbakki 15.dwg



Fellsmúli 26 • 108 Reykjavík • Sími: 517 9050 • Netfang: verkhof@verkhof.is

<b>Heiti verks:</b> Sandbakki 15 Höfn Hornafirði		<b>Hönnuði:</b> Svavar M. Sigurjónsson 180867-3419 Björgvín Ó. Sigurjónsson 110481-8279	<b>Dags:</b> xx.12.2021
<b>Heiti teikningar:</b> Aðal- og brunavarnaruppdráttur: 1. hæð Grunnmynd og skýringar		<b>Samþykkt:</b>	<b>Verknúmer:</b> 21-112
<b>Hamnað:</b> BÓS/SMS	<b>Telknaft:</b> BÓS	<b>Mælt:</b>	<b>Mælikv:</b> Svavar M. Sigurjónsson 180867-3419
<b>Yfirark:</b> SMS	<b>Samþykkt:</b>	<b>Telkn.nr.:</b>	<b>Útgáfa:</b> 101